

Miðvikudaginn 6. nóvember 1935.

Nr. 97/1935. **Réttvísinn** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Ólafi S. H. Jóhannssyni

(Eggert Claessen)

og

Valdstjórnin (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Ísak Mensalder Jónssyni og Óla Þór

Ólafssyni (Eggert Claessen).

Röng sakargift og brot á áfengislögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. júní 1935: Ákærður, Ólafur Sigmundur Hálfván Jóhannsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga.

Kærður, Ísak Mensalder Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og greiði 500 króna sekt til Menningarsjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa en afplánist ella með einföldu fangelsi í 25 daga.

Fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og hún falla niður ef skilorð laga nr. 39, 1907 eru haldin.

Kærður, Óli Þór Ólafsson, greiði 200 króna sekt til Menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 12 daga, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður Ólafur S. H. Jóhannsson, greiði málsvarnarlauð skipaðs talsmanns síns, Brynjólfs Árnasonar, mála-færslumanns, kr. 50.00.

Annar kostnað sakarinnar greiði kærðir in solidum. Framangreint áfengi og bruggunartæki skulu upptæk. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinir kærðu eru sannir að sök um brot á þeim ákvæðum almennra hegningarlaga og áfengislaga,

sem um getur í hinum áfrýjaða dómi, og eru brot hvers um sig heimfærð undir réttar greinar laganna. Þykir refsing kærða Ísaks hæfilega ákveðin 600 króna sekt til Menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 30 daga ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og refsing kærða Óla Þórs, þykir, með hliðsjón af analógíu 38. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 100 króna sekt til sama sjóðs, og komi í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4. vikna frá lögbirtingu dóms þessa, einfalt fangelsi í 7 daga. Svo er og rétt að kærðu Ólafur og Ísak greiði hvor um sig varðhaldskostnað sinn. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Allan kostnað við áfrýjun sakarinnar ber hinum kærðu að greiða in solidum, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti. 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er snertir refsingu ákærða, Ólafs Sigmundar Hálfðáns Jóhannssonar.

Kærði, Ísak Mensalder Jónsson, greiði 600 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4. vikna frá lögbirtingu dóms þessa, einfalt fangelsi í 30 daga.

Kærði, Óli Þór Ólafsson, greiði 100 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, einfalt fangelsi í 7 daga.

Kærðu, Ólafur og Ísak, greiði hvor um sig

varðhaldskostnað sinn. Að öðru leyti staðfestast ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði svo og ákvæði hans um upptöku áfengis og bruggunartækja. Kærðu greiði in solidum allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Eggerts Claessens, 60 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Sigmundi Hálfadáni Jóhannssyni, til heimilis Þingholtsstræti 13, hér í bæ, fyrir brot gegn 14. og 22. kap. hinna almennu hegningarlaga og af valdstjórnarinnar hálfu gegn þeim Ísak Mensalder Jónssyni, til heimilis Þrastargötu 7 og Óla Þór Ólafssyni, til heimilis Grettisgötu 2 hér í bæ fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33, 1935.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Ólafur fæddur 16. nóvember 1893, Óli Þór fæddur 15. júní 1917 og Ísak Mensalder fæddur 13. okt. 1903. Þeir Óli Þór og Ísak hafa ekki sætt ákærum eða refsingu fyrr, en Ólafi hefir áður verið refsað sem hér segir:

- 1916 $1\frac{1}{2}\%$ sætt 15 kr. sekt fyrir að leggja hendur á salernishreinsunarmenn.
- 1918 $2\frac{1}{2}\%$ sætt 400 kr. sekt fyrir barsmiði á mönnum.
- 1922 $1\frac{1}{2}\%$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1923 $1\frac{1}{2}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 17. og 18. kapitula hegningarlaganna frá 25. júní 1869.
- $2\frac{3}{4}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1 árs betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 231. gr. 4. lið, sbr. 55. gr. og 240. gr. með hliðsjón af 63. gr. hinna alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

- 1926 $1\frac{1}{2}$ sætt 80 kr. sekt fyrir að aka bifreið ölvaður.
 — $2\frac{1}{2}$ sætt 100 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusam-
 þykkt Reykjavíkur.
- 1928 $\frac{7}{2}$ kærður fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni og
 málið afgreitt til dómara.
 — $1\frac{1}{3}$ Dómur Hæstaréttar 80 króna sekt og sviptur
 leyfi til að stýra bifreið í 6 mánuði fyrir að
 vera undir áhrifum áfengis við bifreiðaakstur.
- 1930 $1\frac{1}{2}$ Dómur Hæstaréttar, 3ja mánaða fangelsi við
 venjulegt fangaviðurværi, fyrir brot gegn 200.
 gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, 3., 5.,
 6. og 7. gr. bifreiðarlaganna nr. 56 frá 1926,
 48., 49. og 51. gr. lögreglusamþykktar Reykja-
 víkur og 20. gr. áfengislaganna, einnig svipt-
 ur ökuleyfi æfilangt.
 — $1\frac{1}{4}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1931 $2\frac{1}{4}$ sætt 200 kr. sekt fyrir að spila fjárhættuspil,
 brot gegn lögum nr. 51, 1928.
 — $\frac{5}{11}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1932 $\frac{9}{4}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 — $\frac{9}{8}$ sætt 500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 26. maí s. l. tók lögreglan pilt, er kominn var inn í samkomuhúsið Iðnó, og var þar að drekka úr flösku, er reyndist að innihalda heimabruggað áfengi. Piltur þessi skýrði frá því, að hann hefði keypt áfengið af öðrum pilti, er reyndist að vera kærður í þessu máli, Óli Þór Ólafsson. Við yfirheyrsluna viðurkenndi hann af hafa selt áfengið fyrir kr. 6.00 og tekið það frá föður sínum, ákærðum, Ólafi S. H. Jóhannssyni.

Með framangreindri áfengissölu hefir kærður gerzt sekur við 15. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33, 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til Menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá upp-
 kveðningu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 12 daga.

II.

Við yfirheyrslu á lögreglustöðinni samdægurs gaf á-
 kærður, Ólafur, þá skýrslu, að áfengið hefði hann fengið

hjá Hjálmarí Þorsteinssyni á Hofi þá á föstudagskvöldið. Kvaðst ákærður þá um daginn hafa lánað Hjálmarí, sem staddur var hér í bænum, 10 krónur. Um kvöldið hafði svo Hjálmar komið heim til hans með þrjá lítra af heima-brugguðu áfengi og látið hann hafa án þess að um það væri beðið eða nokkuð talað um borgun fyrir.

Hjálmar var nú handtekinn af lögreglunni, en við yfir-heyrslu daginn eftir neitaði hann með öllu að hafa selt Ólafi nokkurt áfengi. Ákærður, Ólafur, hélt samt sem áður fyrir réttinum fast við þennan framburð sinn og eins við samprófun við Hjálmar og leiddi það til þess, að þeir voru báðir úrskurðaðir í gæzluvarðhald.

Í réttarhaldi síðar sama dag tók ákærður þennan framburð sinn aftur. Upplýsti hann nú að umrætt áfengi hefði hann fengið hjá meðákærðum, Ísak Mensalder.

Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi ætlað sér að hlífa Ísak og því ekki gefið hann upp strax. Að hann fór að blanda Hjálmarí inn í þetta mál, kvað hann eingöngu hafa stafað af því að sér hafi dottið nafn hans fyrst í hug. Taldi hann að þetta hefði stafað af ölvunar-ástandi sínu og afleiðing þess.

Með framangreindum verknaði sínum, sem leiddi til þess, að óviðkomandi maður var settur í gæzluvarðhald að ósekju, þykir ákærður hafa brotið gegn 227. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

III.

Kærður, Ísak Mensalder Jónsson, hefir játað á sig áfengisbruggun síðan í byrjun aprilmánaðar s. l. Hafði hann á þeim tíma lagt í 4—5 sinnum og jafnan fengið nálægt tveim lítrum af fullbrugguðu áfengi úr hverri lögun. Í áfengið hafði hann sykur og pressuger og tvi- og þrisauð það jafnan. Bruggunina framkvæmdi hann í bakarii sem hann vinnur í og stillti svo til, að ekki urðu starfsmenn þar varir við. Notaði hann til þess áhöld bakarísins og að auki glerbrúsa og ketil, sem hann sjálfur átti.

Áfengið seldi hann allt meðákærðum, Ólafi, fyrir 6 krónur líterinn. Hefir hann neitað að hafa látið aðra fá áfengi.

Þetta brot kærðs varðar við 6. gr. og 15. gr., sbr. 30. gr. og 33. gr. áfengislaga nr. 33, 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi og 500 króna sekt til Menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 25 daga einföldu fangelsi. Vegna ungs aldurs kærðs þykir rétt að fullnustu fangelsisrefsingarinnar sé frestað og hún falli niður ef skilorð laga nr. 39, 1907 eru haldin.

Af kostnaði sakarinnar greiði ákærður, Ólafur S. H. Jóhannsson, kr. 50.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Brynjólfs Árnasonar, málafærslumanns. Að öðru leyti greiðist hann af kærðum in solidum.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Föstudaginn 8. nóvember 1935.

Nr. 93/1935. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Margréti Bjarnheiði Þorsteinsdóttur
(Eggert Claessen).

Ólögleg áfengissala.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. júní 1935: Kærð, Margrét Bjarnfriður Þorsteinsdóttir, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga.

Hún greiði og 2000 króna sekt til rikissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 80 daga.

Loks greiði kærð allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Theodórs B. Lindal hrm., er ákveðst 50 kr.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.